



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Fjárhagsáætlun 2014



Samþykkt í hafnarstjórn 13. september 2013

Greinargerð hafnarstjóra með fjárhagsáætlun Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2014.

Inngangur.

Síðustu ár hefur rekstur Faxaflóahafna sf. gengið samkvæmt þeim áætlunum sem gerðar hafa verið um rekstur fyrirtækisins og framkvæmdir. Umfang rekstrarins hefur verið nokkuð svipað síðustu árin eftir snarpa efnahagsdýfu árið 2008. Eftir verulegt gengisfall íslensku krónunnar og gott verð á sjávarafurðum hækkuðu aflagjöld fyrirtækisins, en tekjur af vöruflutningum lækkuðu verulega. Samhliða samdrætti hefur lóðæftirspurn verið í lágmarki. Þetta hefur sett mark sitt á áætlanir og rekstur Faxaflóahafna sf. Við þessar aðstæður hafa áætlanir Faxaflóahafna sf. verið varfærnar og tekið mið af þeirri almennu óvissu sem einkennir efnahagsmál á Íslandi. Á yfirstandandi ári er enn sem fyrr nokkur óvissa um veigamikla þætti og útlit fyrir að svo verði a.m.k. framan af ári 2014. Því er fjárhagsáætlun Faxaflóahafna sf. byggð á sambærilegu umfangi í flutningum, afla og lóðæftirspurn og verið hefur. Fjárhagsstaða fyrirtækisins er góð og áhersla lögð á að halda almennum rekstrarkostnaði innan þeirra verðlagsbreytinga sem spáð er og nýta rekstrarfé og rekstrarhagnað til viðhaldsverkefna og framkvæmda, sem búa í haginn fyrir næstu ár.

Útlit er fyrir að rekstur og framkvæmdir ársins 2013 verði að mestu í samræmi við fjárhagsáætlun. Tekjur virðast ætla að verða eilítið hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir og rekstrargjöld innan ramma fjárhagsáætlunar. Í framkvæmdum ætti áætlun ársins að halda með þeirri breytingu þó að ákveðið hafi verið að hefja framkvæmdir við II. áfanga innréttinga Bakkaskemmu með það fyrir augum að ljúka loka áfanga endurnýjunarinnar á árinu 2014. Þá verður einhver tilfærsla gjalda á Grundartanga vegna framlags til Vatnsveitufélags Hvalfjarðar, sem vinnur nú samkvæmt samkomulagi við ELKEM um styrkingu á vatnsveitu svæðisins. Að öðru leyti er jafnvægi í rekstri og fjárfestingum Faxaflóahafna sf. en sem fyrr ástæða til að gæta að horfum næstu misseri.

Forsendur.

Gengið er út frá eftirfarandi forsendum við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2014:

- ✓ Miðað er við að almennir liðir gjaldskrár hækki 1. janúar 2014 um 3,8%.
- ✓ Reiknað er með 4% hækkun tekna af lóðarleigu á grundvelli breytinga á fasteignamati.
- ✓ Almennar verðlagsbreytingar eru áætlaðar 3,5% á milli ára í samræmi við þjóðhagsspá og áætlun Reykjavíkurborgar.
- ✓ Gildandi kjarasamningar verða lausir í lok marsmánaðar 2014 og er miðað við að launabreytingar á árinu 2014 verði 5% og er í því efni tekið mið af þjóðhagsspá um breytingar á launavísitölu á milli ára.
- ✓ Fjármunaliðir eru reiknaðir út frá forsendum reiknilíkans Reykjavíkurborgar.
- ✓ Miðað er við að arðgreiðslur Faxaflóahafna sf. til eigenda á árinu 2014 verði óbreyttar.


Helstu fjárhagsstærðir og tölfræði.

Til þess að átta sig á þróun helstu fjárhagsstærða í rekstri Faxaflóahafna sf. eru hér að neðan tölur sem sýna þróunina í megindrátum.

Hér að neðan er tafla sem sýnir þróun tekna á verðlagi í ágúst 2013 og síðan súlurit sem sýnir þróun tekna og rekstrargjalda.

Á verðlagi ágúst 2013 í millj. Kr.					
	2010	2011	2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Rekstrartekjur	2.637	2.682	2.722	2.662	2.828
Rekstrargjöld	2.295	2.298	2.319	2.285	2.461
Rekstrarhagnaður	342	384	403	377	367

Neðangreind mynd sýnir þróun rekstrartekna á verðlagi í ágúst 2013, skipt eftir tegund tekna:



	2010	2011	2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Rekstrartekjur					
Vörugjöld	849	857	904	875	939
Aflagjöld	243	289	226	240	210
Skipagjöld	212	223	263	253	283
Eignatekjur	901	789	743	746	765
Hafnarþjónusta	237	330	370	351	414
Siglingavernd	194	195	216	197	216
	2.637	2.682	2.722	2.662	2.828

Ofangreind mynd sýnir að á föstu verðlagi hafa heildarrekstrartekjur Faxaflóahafna sf. aukist um 7,2% frá árinu 2010 – ef áætlun ársins 2014 gengur eftir.

Þróun rekstrargjalda og rekstrarhagnaðar árin 2010 til áætlunar 2014 er eftirfarandi á verðlagi í ágúst 2013:

Rekstrargjöld	2010	2011	2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Hafnarvirki	325	403	405	338	327
Eignagjöld	313	273	300	352	434
Hafnarþjónusta	367	370	367	370	409
Skrifstofu & stjórn.k.	299	271	283	281	297
Siglingavernd	149	160	185	167	184
Afskriftir	842	823	779	777	810
Alls	2.295	2.299	2.319	2.285	2.461
Rekstrarhagnaður	342	383	403	377	367

Að teknu tilliti til fjármunaliða er rakstrarafgangur árin 2010 til og með áætlunar 2014 eftirfarandi á verðlagi í ágúst 2013 í millj. króna:

	2010	2011	2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Rekstrarafgangur	307	272	383	309	277

Launakostnaður Faxaflóahafna sf. er nokkuð stór liður enda heldur fyrirtækið úti sólahrings- vakt allt árið í hafnarþjónustu. Þróun starfsmannafjölda er eftirfarandi:

Störf	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Hafnarþjónusta	36	35	31	31	31,50	32
Bækistöð	14	14	14	15	13,25	13,25
Tæknideild	3	3	3	3	3	3
Skrifstofa	14	12	12	12	12	12
Fasteignir	1	1	1	1	1	1
Siglingavernd - Umhverfismál	1	1	1	1	1	1
Alls	69	66	62	63	61,75	62,25

Þróun launakostnaðar hefur verið í takt við almennar breytingar kjarasamninga, en hækkun launakostnaðar umfram það skýrist af afleysingum vegna veikinda og forfalla annars vegar og aukinni mannaflapörf við móttöku á stærri skipum einkum að sumri til þegar einnig þarf að skipuleggja starfið með tilliti til sumarleyfa. Varðandi móttöku skipa þá er fjöldi skipa yfir 100 brt. svipaður á milli ára, en veruleg aukning hefur orðið í brúttótonnum, eða úr 6.959.540 brt. árið 2011 í 8.432.651 brt. árið 2012. Þetta gerir um 21,2% aukningu á milli ára. Skýringin er fleiri stærri skemmtiferðaskip sem koma að frá maí lokum til loka september. Það er því mat hvort ráðlegt sé að bæta auknu álagi á þá starfsmenn sem fyrir eru eða fjölga starfsmönnum. Sú leið hefur verið farin að skipuleggja móttöku skipanna miðað við óbreyttan starfsmannafjölda í skipaþjónustunni, sem aftur leiðir til aukinnar yfirvinnu.

Þróun launakostnaðar er eftirfarandi:

	2010	2011	2012	Áætlun 2013	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
Laun og launatengd gjöld	576,9	599,2	625,6	639,4	663,8	691,7

Launabreytingar á milli ára eru því áætlaðar að meðaltali 4,2%.

Ofangreint sýnir vel þróun síðustu ára og hvernig skipting tekna og útgjalda er háttað.

Áætlaðar rekstrartekjur árið 2014.

Heildarrekstrartekjur Faxaflóahafna sf. eru áætlaðar að verði á árinu 2014 kr. 2.827.870, sem er 4,7% hækkun miðað við áætlaða niðurstöðu ársins 2013. Ekki er gert ráð fyrir magnaukningu í vöruflutningum og varðandi aflagjöld er reiknað með því að landaður afli verði svipaður og á árinu 2013. Enn eru nokkrar blikur á lofti varðandi fiskverð á erlendum mörkuðum og óvissa er um magn vöruflutninga á árinu 2014. Varðandi eignatekjur þá liggur fyrir að lóðarleiga mun hækka um 3,8% á milli ára, en reiknað er með að leigutekjur af húseignum verði svipuð á milli ára. Reiknað er með sömu umferð skipa og þar með tekjum af hafnarþjónustu og á árinu 2013. Á síðustu tveimur árum hefur orðið tekjuaukning af hafnarþjónustu þar sem mun stærri skip – og þar með fleiri brúttótonn – koma til hafnar en áður. Sú þróun hefur hins vegar leitt af sér að fleiri þarf til að taka á móti skipunum en áður þannig að tekjuaukinn hefur einnig í för með sér útgjöld í launum og bátakostnaði.

Áætluð rekstrargjöld árið 2014.

Rekstrargjöld fyrir árið 2014 eru áætluð kr. 2.460.502.000, sem er 6,2% hækkun frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2013. Meginskýringin á hækkuninni milli ára felst í hækkun á sérgreindum viðhaldsverkefnum, sem hækka úr um 166,0 mkr. í 192,0 mkr. og afskriftum sem hækka úr 780,0 mkr. í 810,0 mkr. Aukin áhersla er m.a. lögð á framkvæmdir við lönd og lóðir svo sem slitlags og gangstéttarframkvæmdir. Skipta má rekstrarkostnaði í nokkra flokka:

Útgjaldaliðir (millj. Kr)	Áætlun 2014	Hlutfall
Afskriftir	810,0	32,9%
Laun og launatengd gjöld	691,7	28,1%
Annar kostnaður (almenn rekstrargjöld, þjónustukaup, orka o.fl.)	299,9	12,2%
Orkukaup	162,9	6,6%
Skattar og opinber gjöld	83,2	3,4%
Siglingavernd	183,9	7,5%
Sérgreind viðhaldsverkefni	229,0	9,3%
Alls	2.460,5	100,0%

Að öðru leyti er miðað við sambærilegt umfang rekstrar og verið hefur síðustu ár. Aukið fjármagn er lagt til sérgreindra viðhaldsverkefna eins og áður er nefnt og hækkar sú fjárhæð um 22,2% á milli ára. Þau verkefni sem lagt er til að verði ráðist í eru eftirfarandi:

Viðhald á trébryggjum - Síldarbryggja	20,0 m.kr.
Viðhaldsverkefni - slippur	7,0 m.kr.
Aðgangskerfi á flotbryggjur - Suðurbugt	4,0 m.kr.
Tengibrunnar rafmagns – 1. áfangi	4,0 m.kr.
Skarfabakki pollar	4,0 m.kr.
Endurbætur á Viðeyjarbryggju	5,0 m.kr.
Slitlag á hafnarbakka – Vogabakki og Miðbakki.	30,0 m.kr.
Viðhaldsdýpkanir - Ártúnshöfði	5,0 m.kr.
Endurnýjun fendera	5,0 m.kr.
Viðhald bryggjuhúsa - Akranesi	4,0 m.kr.
Flotbryggja – viðhald - Akranesi	2,0 m.kr.
Alls - hafnarmannvirki	90,0 m.kr.

Varðandi endurnýjun tengibrunna rafmagns þá er ætlunin að taka upp sambærilegt kerfi og tíðkast erlendis að eigendur smábáta geti sjálfir tengt sig við rafmagn og greitt með greiðslukorti. Í þessu er einnig fólgið ákveðið öryggi hafnarinnar þar sem höfnin yrði ekki lengur eigandi að þeim kapli sem tengdur er um borð og því ekki ábyrgur fyrir afhendingu rafmagns um borð í bátum heldur á bryggjunni.

Auknu fjármagni er nú varið til lands og lóða en þar er aðallega um að ræða gangstéttarframkvæmdir, endurnýjun gatnabúta, umhverfisverkefni og gerð aðstöðu fyrir sorp.

Umhverfismál Örfirisey – tré o.fl.	3,0 m.kr.
Grandagarður 1 - 13 – gata og gangstétt	15,0 m.kr.
Skarfabakki - yfirborðsbinding	8,0 m.kr.
Sorpgeymslur - Suðurbugt	2,0 m.kr.
Sorpgeymslur – Grandagarður - verbúðir	3,0 m.kr.
Alls lönd og lóðir	31,0 m.kr.

Grandaskáli – endurbætur á þaki, málning, brunaviðvörunarkerfi o.fl.	20 m.kr.
Bakkaskemma – málning	10 m.kr.
Breytingar á leigurýmum	3 m.kr.
Bækistöð - málning	3 m.kr.
Utanhússviðgerðir - Suðurbugt	3 m.kr.
Hafnarhúsið – ýmis viðhaldsverkefni	22 m.kr.
Kornhlaðan - utanhússviðgerðir	10 m.kr.
Alls fasteignir	71 m.kr.

Alls nemur áætlun um viðhaldsverkefni 192,0 mkr. og skiptast þessi verkefni með eftirfarandi hætti á milli hafnarsvæða:

Gamla höfnin	119 m.kr.
Sundahöfn	57 m.kr.
Grundartangi	10 m.kr.
Akranes	6 m.kr.

Þróun framlaga í sérgreind viðhaldsverkefni síðustu ár er eftirfarandi á verðlagi hvers ár:

	Áætlun 2014	Útk.spá 2013	2012	2011
Hafnavirki	90,0 mkr.	100,9 mkr.	88,9 mkr.	100,1 mkr.
Lönd og lóðir	31,0 mkr.	3,0 mkr.	17,8 mkr.	0 mkr.
Húseignir	71,0 mkr.	42,0 mkr.	35,2 mkr.	20,0 mkr.
Sjómerki og vitar	0 mkr.	11,1 mkr.	15,5 mkr.	1,1 mkr.
Alls	192,0 mkr.	157,0 mkr.	157,4 mkr.	121,2 mkr.

Niðurstaða rekstrar er áætluð verða jákvæð um 367,4 mkr. en hagnaður að teknu tilliti til fjármagnsliða 276,8 mkr. Afkoman er eilítið lægri en útlit er fyrir á árinu 2013, en þar vegur þyngst aukin áhersla á viðhaldsverkefni og afskriftir.

Fjármagnsliðir.

Fjármagnsliðir eru reiknaðir út samkvæmt reiknilíkani og forsendum Reykjavíkurborgar. Reiknað er með að vaxtatekjur verði óbreyttar á milli ára, en að vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur verði nokkru hærrí en útlit er fyrir að verði á árinu 2013. Skýringin á því er að þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 5% verðbólgu frá upphafi árs 2014 til loka þess árs. Til skoðunar hefur verið hvort rétt sé að greiða upp evrulán Faxaflóahafna sf. en ákvörðun þar um ræðst af stöðu krónunnar. Ef lánið verður greitt upp mun það hafa áhrif á fjármunaliði og afborganir lána undir sjóðsstreymi.

Sjóðsstreymi.

Í yfirliti um sjóðsstreymi má sjá að handbært fé frá rekstri er áætlað liðlega 1,1 Ma. kr. og hefur sú fjárhæð verið nokkuð stöðug síðustu ár. Gerð er grein fyrir hér að neðan ráðstöfun fjármuna í varanlega rekstrarfjármuni – öðru nafni framkvæmdir, en til þeirra verkefna er áætlað 933,0 mkr. Gert er ráð fyrir úthlutun einnar lóðar á árinu 2014 – en glæðist eftirspurn umfram það kemur það til góða.

Greiðslur til Faxaflóahafna sf. vegna langtímakrafna hækka nokkuð á milli ára og verða um 288,0 mkr. m.a. vegna greiðslu Reykjavíkurborgar á landi við Mýrargötu. Áætlaðar afborganir langtímaskulda eru áætlaðar 157,3 mkr. Næstu 3 ár eru afborganir lána nokkuð þungar, en lækka verulega árið 2016 að því gefnu að ekki verði um lántökur að ræða á því tímabili.

Í samræmi við langtímaáætlun er gert ráð fyrir óbreyttri arðgreiðslu Faxaflóahafna sf. til eigenda eða 173,0 mkr.

Ofangreint leiðir til þess að handbært fé hækki á árinu um 221,2 mkr.

Framkvæmdir og eignabreytingar.

Til framkvæmda á árinu 2014 eru áætlað að verja 933,0 mkr. Þróun síðustu ára hefur verið eftirfarandi á verðlagi hvers árs:

Í millj. króna	2011	2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Framkvæmdir	882,7	1.080,0	988,0	933,0

Áætlun ársins gerir ráð fyrir að skiptingu fjármuna til verkefna með eftirfarandi hætti:

Gamla höfnin	215 m.kr.
Sundahöfn	320 m.kr.
Grundartangi	345 m.kr.
Akranes	15 m.kr.
Borgarnes	8 m.kr.
Tæki og áhöld	30 m.kr.
Alls	933 m.kr.

Gamla höfnin:

1. Gerð tengingar milli palls við Sjóminjasafnið yfir á Verbúðarbryggju.
2. Umhverfisbætur á landi við Vesturbugt.
3. Umhverfisbætur við Bakkaskemmu – II. áfangi.
4. Slitlags og gatnagerðarverkefni.
5. Endurnýjun 2. hæðar Bakkaskemmu og lagnir – lokaáfangi.

Sundahöfn:

1. Lokaáfangi lengingar Skarfabakka og framkvæmdir við Korngarða – götur, lagnir, hafnarverndarbúnaður.
2. Undirbúningsaðgerðir vegna hafnarbakka utan Klepps.
3. Lóðafrágangur við Klettagarða.

Grundartangi:

1. Lenging Tangabakka um 120 metra, niðurrekstur stálþils og bakkagerð.
2. Lagnir, fráveita o.fl. vegna Tangabakka.
3. Slitlög á hafnarbakka.
4. Gatnagerð, lóðir og landþróun.

Akranes:

1. Dýpkun innsiglingar.

Borgarnes:

1. Undirbúningur aðgerða varðandi flotbryggjur.

Tæki og áhöld:

1. Endurnýjun bifreiða, skotbómulyftari vegna móttöku skipa.

Stærstu verkefni ársins eru lenging Tangabakka á Grundartanga og tilheyrandi verk og lokaáfangi lengingar Skarfabakka í Sundahöfn. Samtals er áætlað að verja til þessara verkefna um 390,0 mkr. Þá er innrétting 2. hæðar Bakkaskemmu veigamikil verkefni sem væntanlega lýkur á árinu 2014. Þá verður haldið áfram umhverfisfrágangi við Vesturbugt og lokið við gerð timburvirkis við Sjóminjasafnið, sem tengja mun Verbúðarbryggjuna við timburmannvirki við innagang Sjóminjasafnsins. Áfram verður haldið við undirbúning hafnarbakkagerðar utan Klepps en það verður væntanlega meginverkefni fyrirtækisins á árunum 2015 – 2018.

Áætlun um rekstur og framkvæmdir 2014 – 2023

Samhliða áætlun ársins 2014 fylgir áætlun um rekstur og framkvæmdir til lengri tíma, eða tímabilsins 2014 – 2023. Frá upphafi hafa Faxaflóahafnir sf. miðað áætlanir sínar í framkvæmdum við 5 – 7 ára tímabil, en frá árinu 2013 hefur verið gerð áætlun til næstu 10 ára. Slík áætlanagerð hentar vel rekstri Faxaflóahafna sf. þar sem stór verkefni taka langan tíma í skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd. Megináherslur sem lagðar eru í 10 ára áætluninni eru eftirfarandi:

- ✓ Gert er ráð fyrir sambærilegu umfangi rekstrar á tímabilinu og verið hefur síðustu ár.
- ✓ Gert er ráð fyrir 0,5% árlegri aukningu í flutningum og vörugjöldum.
- ✓ Ekki er gert ráð fyrir lántökum vegna framkvæmda á vegum fyrirtækisins heldur áfram miðað við að sérgreind viðhaldsverkefni og eignabreytingar greiðist með sjálfsaflafé.
- ✓ Eftir árið 2016 munu langtímaskuldir fyrirtækisins verða óverulegar.
- ✓ Gert er ráð fyrir óbreyttum greiðslum arðs til eigenda á tímabilinu eins og verið hefur síðustu ár.
- ✓ Gert er að jafnaði ráð fyrir úthlutun á einni lóð á ári á tímabilinu.
- ✓ Framkvæmdir Faxaflóahafna sf. á tímabilinu verða sambærilegar að umfangi og verið hefur en megináhersla lögð á eftirfarandi verkefni:
 - Bygging hafnarbakka utan Klepps á árunum 2015 – 2018.
 - Lenging Skarfabakka í Kleppsbakka á árunum 2019 – 2021.
 - Smábátabryggja í Borgarnesi.
 - Landþróun á Akranesi.
 - Lokaáfangi endurnýjunar bryggju á Norðurgarði.
 - Landþróun og gatnagerð á Grundartanga.
 - Endurnýjun austurenda Tangabakka á Grundartanga.
 - Endurnýjun Grandaskála.
- ✓ Handbært fé verður allt tímabilið vel viðunandi.

Áætlunin gerir ráð fyrir að fjárhagslegum styrk Faxaflóahafna sf. verði viðhaldið og fyrirtækið í stakk búið til að mæta samdráttatímum en aukin hagvöxtur mun á móti styrkja stöðu fyrirtækisins verulega.

Niðurlag.

Eins og áætlun ársins 2014 ber með sér er sem fyrr gætt hófs í breytingum á gjaldskrá þrátt fyrir óvissu varðandi þróun verðlags, flutninga og gengis. Rekstrarkostnaði er haldið innan þess ramma sem verið hefur á síðustu árum að því undanskyldu að lögð er aukin áhersla á viðhaldsverkefni. Rekstur Faxaflóahafna sf. er því áætlaður verða svipaður að umfangi og árið 2013 og hagnaður af rekstri einnig. Aukin hagvöxtur, óverulegar breytingar á verðlagi og hækkandi gengi íslensku krónunnar myndi vafalaust leiða til betri afkomu, en óvarlegt er að gera ráð fyrir að sú þróun muni hafa veruleg jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins á næstu misserum. Miðað við þá stöðu er því mikilvægt að nýta sterka fjárhagsstöðu fyrirtækisins til framkvæmda og viðhaldsverkefna eins og kostur er og nýta þau tækifæri sem gefast til atvinnusköpunar á hafnarsvæðunum. Fjárhagsstaða Faxaflóahafna sf. er traust og mikilvægt að varðveita þann styrk sem fyrirtækið býr yfir. Langtímaáætlanir gera ráð fyrir að þeirri stöðu verði haldið samhliða því að mikilvægum verkefnum verði komið til framkvæmda, enda skapi þau aukin umsvif á hafnarsvæðunum. Í því sambandi má nefna starfsemi sem komið gæti á þróunarsvæði Sundahafnar á næstu árum, iðnaðarsvæðið á Grundartanga og í Akraneshöfn, en þar beinast sjónir m.a. að möguleikum í hafnsækinni ferðapjónustu og aukinni vinnslu á þorski HB Granda hf.

Þrátt fyrir efnahagsþyngsli á liðnum árum hafa orðið talsverðar breytingar á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. þar sem unnið hefur verið hægt og bítandi að góðum og áhugaverðum verkefnum. Einkum má sjá þá uppbyggingu sem orðið hefur í vestur hluta Gömlu hafnarinnar í Suðurbugtinni, á slippasvæðinu, við Sjóminjasafnið og á Norðurgarði, en einnig þá uppbyggingu sem hefur orðið á lóðum á Grundartanga með tilkomu öflugra þjónustufyrirtækja inn á svæðið. Allt er þetta liður í að nýta styrkleika og aðdráttarafl hafnarsvæðanna. Fyrirliggjandi fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að áfram verði jákvæð þróun á hafnarsvæðunum fyrir notendur, viðskiptavinum, almenning og eigendur fyrirtækisins.

Reykjavík 10. september 2013

Gísli Gíslason, hafnarstjóri

Fjárhagsáætlun 2014

Rekstraráætlun

	Áætlun 2013	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
Rekstrartekjur			
Vörugjöld	875.075.000	905.075.000	939.467.000
Aflagjöld	240.000.000	220.000.000	210.000.000
Skipagjöld	252.724.000	265.444.000	283.374.000
Eignatekjur	745.837.000	739.837.000	765.491.000
Hafnarþjónusta	351.294.000	365.205.000	413.874.000
Siglingavernd	196.935.000	206.040.000	215.664.000
Rekstrartekjur alls:	2.661.865.000	2.701.601.000	2.827.870.000
Rekstrargjöld			
Hafnarvirki	337.578.000	320.953.000	327.189.000
Eignagjöld	351.614.000	352.723.000	434.077.000
Hafnarþjónusta	370.104.000	396.003.000	408.757.000
Skrifstofu & stjórn.k.	281.371.000	289.519.000	296.600.000
Siglingavernd	166.716.000	176.974.000	183.879.000
Afskriftir	777.389.000	780.000.000	810.000.000
Rekstrargjöld alls:	2.284.772.000	2.316.172.000	2.460.502.000
Rekstrarhagnaður:	377.093.000	385.429.000	367.368.000
Aðrar tekjur og gjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur	40.271.000	40.906.000	40.906.000
Vaxtagjöld, verðbæt, gengism.	(108.051.000)	(101.056.000)	(131.478.000)
Aðrar óreglulegar tekjur	0	0	0
Aðrar tek.& gj. alls:	(67.780.000)	(60.150.000)	(90.572.000)
Rekstrarafgangur	309.313.000	325.279.000	276.796.000

Rekstrartekjur

	Áætlun 2013	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014 (3,8%)
Vörugjöld			
Almenn vörugjöld	769.538.000	799.538.000	829.920.000
Vörugjöld olíu	105.537.000	105.537.000	109.547.000
Samtals:	875.075.000	905.075.000	939.467.000
Aflagjöld	240.000.000	220.000.000	210.000.000
Skipagjöld:			
Lestargjöld	94.680.000	94.680.000	99.648.000
Bryggjugjöld	147.280.000	160.000.000	168.156.000
Legugjöld	10.764.000	10.764.000	15.570.000
Samtals:	252.724.000	265.444.000	283.374.000
Land og lóðir			
Lóðaleiga	395.380.000	395.380.000	410.685.000
Hafnarbakkaleiga	46.000.000	46.000.000	46.478.000
Holræsagjöld	0	0	0
Leiga á geymslusvæði	1.580.000	1.580.000	1.651.000
Leiga á dráttarbrautum	16.877.000	16.877.000	16.877.000
Samtals:	459.837.000	459.837.000	475.691.000
Húseignir:			
Húsaleiga	286.000.000	280.000.000	289.800.000
Verbúðaleiga	0	0	0
Samtals:	286.000.000	280.000.000	289.800.000
Rafmagn og vatn:			
Rafmagn	67.096.000	70.000.000	77.625.000
Vatnsala	18.205.000	18.205.000	21.735.000
Samtals:	85.301.000	88.205.000	99.360.000
Hafnarþjónusta:			
Hafnsaga	78.900.000	80.000.000	88.230.000
Festargjöld	32.980.000	35.000.000	38.406.000
Hafnsögubátar	142.020.000	150.000.000	174.384.000
Vigtir ofl.	12.093.000	12.000.000	13.494.000
Samtals:	265.993.000	277.000.000	314.514.000
Siglingavernd			
Skipavernd	21.987.000	25.000.000	25.875.000
Farmvernd	153.908.000	160.000.000	165.984.000
Farþegavernd	21.040.000	21.040.000	23.805.000
Samtals:	196.935.000	206.040.000	215.664.000
Ýmsar tekjur	0	5.280.000	0
Tekjur alls:	2.661.865.000	2.706.881.000	2.827.870.000

Rekstrargjöld

	Áætlun 2013	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
Hafnarvirki og bækistöð			
Hafnarvirki	336.651.000	316.813.000	324.282.000
Bækistöð	927.000	4.140.000	2.907.000
Samtals:	337.578.000	320.953.000	327.189.000
Rafmagn og vatn			
Rafmagn	59.420.000	63.497.000	65.823.000
Vatn	10.117.000	8.555.000	9.553.000
Samtals:	69.537.000	72.052.000	75.376.000
Land,lóðir og götur	90.155.000	88.146.000	120.029.000
Húseignir	191.922.000	192.525.000	238.672.000
Hafnarþjónusta			
Hafnsaga	106.839.000	108.372.000	112.937.000
Bátar	219.119.000	237.754.000	245.634.000
Önnur hafnarþjónusta	44.146.000	49.877.000	50.186.000
Samtals:	370.104.000	396.003.000	408.757.000
Skrifstofu og stjórn.k.			
Hafnarstjórn	19.991.000	19.758.000	20.694.000
Hafnarskrifstofa	204.522.000	206.761.000	223.606.000
Samtals:	224.513.000	226.519.000	244.300.000
Annar kostnaður			
Aukaframlag í lífeyrissjóð	0	0	0
Rannsóknir og ráðgjöf	4.000.000	7.000.000	7.000.000
Skipulagsverkefni	5.000.000	0	0
Saga	7.000.000	7.000.000	0
Umhverfisstefna	3.000.000	10.000.000	5.000.000
Loftmyndir	0	0	0
Markaðs- og kynningarmál	22.858.000	24.000.000	25.000.000
Framlög til félaga	7.000.000	7.000.000	7.300.000
Afskrifaðar kröfur	8.000.000	8.000.000	8.000.000
Samtals:	56.858.000	63.000.000	52.300.000
Siglingavernd			
Skipavernd	9.860.000	11.100.000	11.488.000
Farmvernd	129.438.000	133.738.000	142.559.000
Farþegavernd	0	0	0
Annar kostnaður siglingavernd	27.418.000	32.136.000	29.832.000
Samtals:	166.716.000	176.974.000	183.879.000
Afskriftir fasteigna	777.389.000	780.000.000	810.000.000
ALLS:	2.284.772.000	2.316.172.000	2.460.502.000

Framkvæmdayfirlit - eignabreytingar

	Áætlun 2013	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
Framkvæmdir:			
Gamla höfnin			
Hafnarvirki	59.000.000	65.000.000	60.000.000
Land og lóðir	2.000.000	11.000.000	10.000.000
Götur	79.000.000	50.000.000	40.000.000
Húseignir	50.000.000	152.000.000	105.000.000
Samtals:	190.000.000	278.000.000	215.000.000
Sundahöfn			
Hafnarvirki	305.000.000	295.000.000	215.000.000
Land og lóðir	35.000.000	36.000.000	30.000.000
Götur	80.000.000	30.000.000	75.000.000
Samtals:	420.000.000	361.000.000	320.000.000
Grundartangi			
Hafnarvirki	240.000.000	225.000.000	270.000.000
Land og lóðir	22.000.000	24.000.000	30.000.000
Götur	50.000.000	55.000.000	45.000.000
Samtals:	312.000.000	304.000.000	345.000.000
Akranes			
Hafnarvirki	34.000.000	25.000.000	15.000.000
Land og lóðir			
Samtals:	34.000.000	25.000.000	15.000.000
Borgarnes			
Hafnarvirki	0	0	8.000.000
Land og lóðir			
Samtals:	0	0	8.000.000
Tæki og búnaður	32.000.000	32.000.000	30.000.000
Framkvæmdir alls:	988.000.000	1.000.000.000	933.000.000

Efnahagsreikningur 31. desember

	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
Eignir		
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir	3.971.735.000	3.833.019.000
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	7.195.386.000	7.454.048.000
Aðrar eignir	305.424.000	258.478.000
Samtals:	11.472.545.000	11.545.545.000
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignahlutir í félögum	123.912.000	123.912.000
Langtímakröfur	185.140.000	41.420.000
Næsta árs afborganir langtímakrafna		
Samtals:	309.052.000	165.332.000
Fastafjármunir	11.781.597.000	11.710.877.000
Veltufjármunir:		
Skammtímaskröfur:		
Óinnheimtar tekjur	226.381.000	226.381.000
Aðrar skammtímaskröfur	25.196.000	25.196.000
Næsta árs afborganir langtímakrafna	319.086.000	192.837.000
Handbært fé	568.070.000	789.263.000
Veltufjármunir	1.138.733.000	1.233.677.000
Eignir samtals	12.920.330.000	12.944.554.000
Eigið fé og skuldir		
Eiginfjárreikningar:		
Eigið fé	11.070.219.000	11.174.015.000
	11.070.219.000	11.174.015.000
Langtímaskuldir:		
Skuldir við lánastofnanir	1.404.475.000	1.317.413.000
	1.404.475.000	1.317.413.000
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir	210.802.000	210.802.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda	149.796.000	157.286.000
Aðrar skammtímaskuldir	85.038.000	85.038.000
	445.636.000	453.126.000
Skuldir og skuldbindingar samtals	1.850.111.000	1.770.539.000
Eigið fé og skuldir samtals	12.920.330.000	12.944.554.000

Yfirlit um sjóðstreymi

	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
Handbært fé frá rekstri:		
Hagnaður (tap) tímabilsins	325.279.000	276.796.000
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	780.000.000	810.000.000
Verðbætur og gengism	29.404.000	59.530.000
Veltufé frá rekstri	1.134.683.000	1.146.326.000
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)	0	0
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		
	0	0
Handbært fé frá rekstri	1.134.683.000	1.146.326.000
Fjárfestingahreyfingar:		
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(1.000.000.000)	(933.000.000)
Innborgað vegna lóðasölu		50.000.000
Veitt skuldabréfalán	0	(38.000.000)
Afborganir langtímakrafna	78.001.000	326.152.000
	(921.999.000)	(594.848.000)
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddar afborganir langtímaskulda	(149.796.000)	(157.286.000)
Framlög frá eigin félögum	(173.000.000)	(173.000.000)
Ný langtímalán		
	(322.796.000)	(330.286.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(110.112.000)	221.192.000
Handbært fé í byrjun tímabils	678.182.000	568.070.000
Handbært fé í lok tímabils	568.070.000	789.262.000

Fjárhagsáætlun 2014 - 2018

(í milljónum kr.)

	Útkomuspá					
	2013	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Rekstrartekjur						
Vörugjöld	905	939	952	965	977	990
Aflagjöld	220	210	210	210	210	210
Skipagjöld	265	283	283	283	283	283
Eignatekjur	740	765	765	765	765	765
Hafnarþjónusta	365	414	414	414	414	414
Siglingavernd	206	216	218	221	223	226
Rekstrartekjur alls:	2.702	2.828	2.843	2.858	2.873	2.889
Rekstrargjöld						
Hafnarvirki	321	327	327	327	327	327
Eignagjöld	353	434	434	434	434	434
Hafnarþjónusta	396	409	409	409	409	409
Skrifstofu & stjórn.k.	290	297	297	297	297	297
Siglingavernd	177	184	184	184	184	184
Afskriftir	780	810	854	896	942	945
Rekstrargjöld alls:	2.316	2.461	2.505	2.547	2.593	2.596
Rekstrarhagnaður:	385	367	338	311	281	293
Aðrar tekjur og gjöld						
Vaxtatekjur og verðbætur	41	40	32	33	33	24
Vaxtagjöld, verðbæt, gengism.	(101)	(131)	(50)	(45)	(42)	(38)
Aðrar óreglulegar tekjur	0	0	0	0	0	0
Aðrar tek.& gj. alls:	(60)	(91)	(18)	(12)	(9)	(14)
Rekstrarafgangur	325	276	320	299	272	279

Framkvæmdayfirlit - eignabreytingar

	Útkomuspá					
	2013	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Framkvæmdir:						
Gamla höfnin						
Hafnarvirki	65	60	30	80	260	250
Land og lóðir	11	10	10	10	0	0
Götur	50	40	20	0	10	0
Húseignir	152	105	0	0	0	0
	278	215	60	90	270	250
Sundahöfn						
Hafnarvirki	295	215	630	560	510	510
Land og lóðir	36	30	25	60	70	70
Götur	30	75	35	55	10	90
	361	320	690	675	590	670
Grundartangi						
Hafnarvirki	225	270	155	70	160	70
Land og lóðir	24	30	30	30	30	30
Götur	55	45	40	30	30	30
	304	345	225	130	220	130
Akranes						
Hafnarvirki	25	15	0	0	0	0
Land og lóðir	0	0	0	0	50	0
Götur	0	0	0	0	40	0
	25	15	0	0	90	0
Borgarnes						
Hafnarvirki	0	8	2	50	5	0
Land og lóðir	0	0	0	0	0	0
Götur	0	0	0	0	0	0
	0	8	2	50	5	0
Tæki og búnaður	32	30	30	30	30	30
Framkvæmdir samtals:	1.000	933	1.007	975	1.205	1.080

Efnahagsreikningur 31. desember

	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Eignir						
Fastafjármunir						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	3.972	3.833	3.584	3.370	3.205	2.997
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	7.195	7.454	7.859	8.161	8.603	8.960
Aðrar eignir	305	258	206	147	82	17
	11.473	11.546	11.648	11.677	11.890	11.974
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	124	124	124	124	124	124
Langtímakröfur	185	41	32	39	43	43
	309	165	156	163	167	167
Fastafjármunir	11.782	11.711	11.804	11.840	12.056	12.141
Veltufjármunir:						
Skammtímaskröfur:						
Óinnheimtar tekjur	226	226	226	226	226	226
Aðrar skammtímaskröfur	25	25	25	25	25	25
Næsta árs afborganir langtímakrafna	319	193	49	33	36	40
Handbært fé	568	789	829	840	622	548
Veltufjármunir	1.139	1.234	1.130	1.124	910	839
Eignir samtals	12.920	12.945	12.935	12.964	12.966	12.980
Eigið fé og skuldir						
Eiginfjárreikningar:						
Eigið fé	11.070	11.174	11.321	11.448	11.547	11.654
	11.070	11.174	11.321	11.448	11.547	11.654
Langtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir	1.404	1.317	1.220	1.123	1.031	941
	1.404	1.317	1.220	1.123	1.031	941
Skammtímaskuldir:						
Viðskiptaskuldir	211	211	211	211	211	211
Næsta árs afborganir langtímaskulda	150	157	97	97	93	89
Aðrar skammtímaskuldir	85	85	85	85	85	85
	446	453	393	393	388	385
Skuldir og skuldbindingar samtals	1.850	1.771	1.613	1.516	1.419	1.327
Eigið fé og skuldir samtals	12.920	12.945	12.935	12.964	12.966	12.980

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI

	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Handbært fé frá rekstri						
Hagnaður (tap) tímabilsins	325	276	320	299	272	279
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	780	810	854	896	942	945
Verðbætur og gengism langtímaskulda	29	60	0	0	0	0
Söluhagnaður rekstrarfjármuna						
Verðbætur langtímakrafna		0				
Veltufé frá rekstri	1.135	1.146	1.174	1.195	1.214	1.224
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Skammtímafröfur; lækkun (hækkun)						
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)						
	0	0	0	0	0	0
Handbært fé frá rekstri	1.135	1.146	1.174	1.195	1.214	1.224
Fjárfestingarhreyfingar						
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(1.000)	(933)	(1.007)	(975)	(1.205)	(1.080)
Innborgað vegna lóðasölu	0	50	50	50	50	50
Veitt skuldabréfalán	0					
Afborganir langtímakrafna	78	288	153	10	(7)	(4)
Fjárfest í eignarhlutum	0					
Samtals:	(922)	(595)	(804)	(915)	(1.162)	(1.034)
Fjármögnunarhreyfingar						
Greiddar afborganir langtímaskulda	(150)	(157)	(157)	(97)	(97)	(93)
Arður til eigenda	(173)	(173)	(173)	(173)	(173)	(173)
Ný langtímalán						
Lífeyrisskuldbinding uppgr						
Samtals:	(323)	(330)	(330)	(270)	(270)	(266)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(110)	221	40	10	(217)	(75)
Handbært fé í byrjun tímabils	678	568	789	829	839	621
Handbært fé í lok tímabils	568	789	829	839	621	546

